

Fimmtudaginn 24. júní 1993.

Nr. 37/1993.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Friðriki Friðrikssyni

(Páll A. Pálsson hrl.),

Hauki Guðjónssyni

(Sigmundur Hannesson hrl.) og

Lilju Guðjónsdóttur

(Kristján Stefánsson hrl.).

Endurupptaka. Rán. Þjófnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein og Páll Sigurðsson prófessor.

Mál þetta er endurupptekið samkvæmt leyfi Hæstaréttar 15. þessa mánaðar að beiðni ríkissaksóknara 27. maí 1993 til endurskoðunar á niðurstöðum dóms Hæstaréttar 1. apríl 1993 um viðurlög, sbr. ákvæði XXII. kafla laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Þegar mál þetta var dæmt í Hæstarétti 1. apríl sl., var við það miðað, að ákærðu Haukur Guðjónsson og Lilja Guðjónsdóttir hefðu rofið skilorð reynslulausnar, er þeim hafði verið veitt, þ.e. ákærða Hauki 22. febrúar 1990, skilorðsbundið í tvö ár, á 180 daga eftirstöðvum refsingar, og ákærðu Lilju 25. febrúar 1991, skilorðsbundið í eitt ár, á 30 daga eftirstöðvum refsingar. Á því hafði verið byggt í málflutningi ákærvalds, að fyrir mistök hefði héraðsdómari ekki tekið tillit til þessa, og var þessu ekki mótmælt af hálfu verjenda.

Fyrir liggur, að réttarrannsókn vegna brota ákærðu, sem um var fjallað í málinu, hófst 20. október 1992, eftir að reynslutíma ofangreindra tveggja ákærðu lauk. Var því ekki um að ræða rof á skilorði reynslulausnar í skilningi 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og átti ekki að ákvarða refsingu með hliðsjón af þeirri grein, sbr. 60. gr. sömu laga. Vegna þessa verður þessum ákærðu

nú ákveðin refsing að nýju. Skal ákærði Haukur sæta fangelsi fimmtán mánuði, en ákærða Lilja fangelsi fimm mánuði. Refsing ákærða Friðriks skal standa óbreytt, fangelsi átján mánuði.

Kostnaður vegna endurupptöku málsins skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði Friðrik Friðriksson sæti fangelsi átján mánuði.

Ákærði Haukur Guðjónsson sæti fangelsi fimmtán mánuði.

Ákærða Lilja Guðjónsdóttir sæti fangelsi fimm mánuði.

Kostnaður vegna endurupptöku málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðra verjenda ákærðu, hæstaréttarlögmennanna Páls Arnórs Pálssonar, Sigmundar Hannessonar og Kristjáns Stefánssonar, 10.000 krónur til hvers um sig.

S é r a t k v æ ð i

Péturs Kr. Hafstein hæstaréttardómara.

Með vísun til sératkvæðis míns í þessu máli 1. apríl 1993 og þeirrar endurskoðunar, sem í dag fer fram á forsendum viðurlaga-ákvörðunar og ég er samþykkur, tel ég rétt, að ákærði Friðrik Friðriksson sæti fangelsi í fimmtán mánuði, ákærði Haukur Guðjónsson í tólf mánuði og ákærða Lilja Guðjónsdóttir í fimm mánuði.